

STJÓRNARTÍÐINDI B 33 – 1999

12. apríl 1999

641

Nr. 237

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 503/1998.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo: Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 793.

2. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr. og 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. apríl 1999.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

12. apríl 1999

Nr. 238

REGLUR

um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði til sérstakra verkefna á vegum svæðisvinnumiðlana.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að styrkja sérstök verkefni undir eftirliti svæðisvinnumiðlana í samræmi við reglur þessar.

Reglur þessar ná ekki til styrkja til að aðstoða atvinnulausa við búferlaflutninga.

2. gr.

Fjárhæð styrkja.

Hámarksfjárhæð styrks skal vera jafnhá þeim atvinnuleysisbótum og lífeyrissjóðs-greiðslum, sem ella hefðu verið greiddar þeim einstaklingum sem falla af atvinnuleysisskrá

vegna þátttöku í verkefninu, þó þannig að ef hlutaðeigandi einstaklingur á bótarétt á bilinu 25-50% þá greiðast hálfar bætur og fullar bætur ef hlutaðeigandi á bótarétt á bilinu 51-100%, enda sé hann ráðinn í fullt starf.

Annar kostnaður við verkefnið, svo sem launakostnaður umfram atvinnuleysisbætur, þ.m.t. launatengd gjöld, efniskostnaður, stjórnunarkostnaður, kostnaður við eftirlit og umsýslu, skipulagningu og undirbúning, skal borinn af þeim aðila sem styrk hlýtur samkvæmt reglum þessum og vera á ábyrgð hans.

3. gr.

Almenn skilyrði.

Til að verkefni teljist styrkhæft þarf það að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Vera unnið innan umdæmis svæðisvinnumiðlunar sem skal hafa eftirlit með því að framkvæmd verkefnis sé í samræmi við framlagða áætlun umsækjanda og reglur þessar.
2. Vera ekki í samkeppni við aðila í hliðstæðum atvinnurekstri á landsvísu.
3. Vera skýrt afmarkað og tímabundið. Verkefnið skal að jafnaði ekki ná yfir lengri tíma en sex mánuði og skal unnið í einu lagi.
4. Nota vinnuafli á atvinnuleysisráði í umdæmi svæðisvinnumiðlunar. Taka skal tillit til lengdar atvinnuleysis og þörf fyrir sérhæft starfsfólk.

Verkefni við atvinnusköpun fyrir fólk sem ekki á bótarétt úr Atvinnuleysistrygginga-sjóði, eru ekki styrkhæf.

II. KAFLI

Styrkhæf verkefni.

4. gr.

Tímabundin verkefni umfram venjuleg umsvif.

Heimilt er að veita styrki til að atvinnulausir einstaklingar verði ráðnir hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum til sérstakra tímabundinna verkefna umfram venjuleg umsvif. Hefðbundin verkefni sveitarfélaga, svo sem gatna- og lóðahreinsun, gatna- og holræsalagnir, viðhald og viðgerðir eigna sveitarfélagsins, eru ekki styrkhæf.

5. gr.

Verkefni fyrir námsmenn og fólk með skerta starfsorku.

Heimilt er að styrkja sérstök verkefni sem ætluð eru námsmönnum, einkum námsmönnum sem lokið hafa námi og komast ekki á vinnumarkað vegna atvinnuástands, enda njóti þeir bótaréttar. Enn fremur sérstök verkefni sem ætluð eru fólki með skerta starfsorku sem nýtur bótaréttar.

6. gr.

Styrkir til atvinnulausra einstaklinga til eigin reksturs.

Heimilt er að styrkja atvinnulausa einstaklinga til að vinna að eigin viðskiptahugmynd með þeim hætti að þeir haldi atvinnuleysisbótum meðan látið er á það reyna að hugmyndin sé framkvæmanleg. Styrkur samkvæmt þessari grein getur einungis fengist einu sinni vegna reksturs sem umsækjandi hefur ekki stundað áður sem rekstraraðili.

7. gr.

Varanleg atvinnusköpun.

Heimilt er að veita styrk til þess að aðstoða fyrirtæki við að skapa ný störf vegna nýrrar framleiðslu, enda sé það ekki talið fela í sér röskun á samkeppnissstöðu. Það er

forsenda styrkveitingar að atvinnulausir einstaklingar séu ráðnir ótímabundið í störf in og styrkhafi skuldbindi sig til þess að viðhalda störfunum eftir að styrktímabil rennur út, í a.m.k. jafnlangan tíma og styrkur náði til. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að endurkrefja styrkhafa um styrk ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt.

8. gr.

Verkefni sem ella væru ekki framkvæmd í launaðri vinnu.

Heimilt er að veita íþróttafélögum, líknarfélögum, skógræktarfélagum góðgerðarstofnunum, og öðrum sambærilegum aðilum styrk til að ráða atvinnulausan einstakling til starfa við verkefni sem ella væri ekki framkvæmt í launaðri vinnu.

9. gr.

Starfsþjálfun og skiptistörf.

Heimilt er að veita styrk til þess að ráða mann af atvinnuleysisskrá í starfsþjálfun þar sem fræðsla og vinna er samþætt enda feli ráðning hans í sér aukningu á starfsmannafjölda. Enn fremur er heimilt að veita styrk til þess að ráða mann af atvinnuleysisskrá til þess að leysa af fastan starfsmann sem fengið hefur launað leyfi til endurmenntunar eða til þess að sinna nýsköpun fyrir atvinnulífið, enda sé starfsmanni ekki tryggður réttur til endurmenntunar í kjarasamningi.

III. KAFLI

Ráðningar- og starfskjör.

10. gr.

Það er skilyrði fyrir styrkveitingu að ráðningar og kjör starfsfólks séu í samræmi við gildandi kjarasamninga. Að jafnaði er ekki heimilt að veita styrki til að ráða sama starfsmann til lengri tíma en sex mánaða í sama eða sams konar verkefni. Við ráðningu skal gerður skriflegur samningur milli starfsmanns og styrkhafa. Í samningi skal kveðið á um ráðningar- og starfskjör. Í honum skal vera lýsing á verkefnum starfsmanns og kveðið á um þá leiðsögn og fræðslu sem hann á rétt á.

IV. KAFLI

Umsóknir og meðferð þeirra.

11. gr.

Upplýsingar og gögn sem fylgja skulu umsókn.

Umsóknum skal beint til svæðisvinnumiðlunar.

Með umsókn skulu fylgja sem nákvæmastar upplýsingar um fyrirhuguð verkefni, svo sem kostnað við þau og markmið þeirra.

Svæðisvinnumiðlun skal sjá um að afla viðbótarupplýsinga og gagna frá umsækjanda ef þörf er á, og getur beint tillögum og ábendingum til þeirra.

Umsókn um styrk vegna afleysinga, sbr. 9. gr., skulu fylgja upplýsingar um kjör starfsmanns í launuðu leyfi og tilgang leyfis.

Umsækjendur um styrki skv. 6. og 7. gr. skulu gefa yfirlýsingu um þá ríkisaðstoð sem þeir hafa notið á síðastliðnum þremur árum, sbr. EES-reglur um ríkisaðstoð.

12. gr.

Svæðisráð.

Þegar gagnaöflun er lokið samkvæmt 11. gr. skal leggja umsókn fyrir svæðisráð til umsagnar. Í umsögn sinni skal svæðisráð m.a. tjá sig um áhrif styrkveitingar á atvinnuástand í umdæmi svæðisvinnumiðlunar. Ennfremur skal lagt mat á áhrif styrkveitingar á sam-

keppnisstöðu aðila í hliðstæðum atvinnurekstri án tillits til þess hvort sá atvinnurekstur fer fram innan umdæmis svæðisvinnumiðlunar eða utan.

Svæðisráð skal gefa umsögn sína svo fljótt sem verða má. Umsögn skal vera skrifleg og beint til framkvæmdaráðs skv. 13. gr. og skal svæðisvinnumiðlun annast framsendingu máls.

13. gr.

Tillögur um afgreiðslu.

Áður en umsókn er lögð fyrir stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal framkvæmdaráð stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs fjalla um umsókn og gera tillögu til stjórnar um afgreiðslu hennar. Framkvæmdaráð getur óskað eftir viðbótargögnum frá svæðisvinnumiðlun og/eða umsækjanda. Tillögur framkvæmdaráðs skulu að jafnaði liggja fyrir eigi síðar en tveimur vikum frá því að umsókn barst ráðinu. Hafi viðbótargagna verið óskað reiknast þessi frestur frá þeim tíma sem þau liggja fyrir.

14. gr.

Ákvörðun um afgreiðslu umsóknar.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tekur ákvörðun um úthlutun styrkja samkvæmt reglum þessum.

Taka skal umsókn fyrir á næsta reglulega fundi stjórnar eftir að tillaga framkvæmdaráðs liggur fyrir. Hraða skal umfjöllun og afgreiðslu styrkumsókna svo sem kostur er.

V. KAFLI

Eftirlit með framkvæmd verkefna.

15. gr.

Eftirlit.

Þegar verkefni hefst skal styrkhafi senda tilkynningu þar að lútandi til svæðisvinnumiðlunar. Afrit samninga skv. 10. gr. skulu fylgja tilkynningu. Þá skal styrkhafi tilkynna svæðisvinnumiðlun um þá sem hafnað hafa þátttöku í verkefni með viðeigandi skýringum og gögnum, svo sem læknisvottorðum.

Svæðisvinnumiðlun skal hafa eftirlit með því að framkvæmd verkefnis sé í samræmi við forsendur styrkveitingar og getur hún að eigin frumkvæði óskað eftir nauðsynlegum upplýsingum og gögnum. Komi í ljós að framkvæmd verkefnis sé á einhvern hátt ekki í samræmi við forsendur styrkveitingar skal svæðisráð tilkynna það stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sem er heimilt að stöðva greiðslu styrksins.

16. gr.

Greiðsla styrks.

Þegar umsókn hefur verið samþykkt af stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal styrkur inntur af hendi í samvinnu við svæðisvinnumiðlun með mánaðarlegum greiðslum eftir á þann tíma sem verkefnið stendur yfir.

17. gr.

Greinargerð um framkvæmd.

Innan fjögurra vikna frá því að verkefni lýkur skal styrkhafi senda svæðisvinnumiðlun greinargerð um framkvæmd verkefnis.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að stöðva greiðslur, eða synja frekari umsóknum frá styrkhöfum sem ekki sinna skýrslugerð skv. 1. mgr.

VI. KAFLI
Lokaákvæði.

18. gr.

Reglur þessar, sem settar eru af stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs með stoð í ákvæði 22. gr. í lögum nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar, eru hér með staðfestar og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 159/1998, um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði til átaksverkefna á vegum sveitarfélaga.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. apríl 1999.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 170/1987
um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra.**

1. gr.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:

Styrkir samkvæmt reglum þessum skulu veittir ekki oftari en á fjögurra ára fresti.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins annast greiðslu styrkja samkvæmt reglum þessum til eftirfarandi aðila sem hér segir:

- | | |
|--|---------------|
| 1. Þeir, sem eru bundnir hjólastól, nota hækjur, spelkur eða gervilimi o.þ.h.: | 1.000.000 kr. |
| 2. Aðrir hreyfihamlaðir: | 250.000 kr. |
| 3. Þeir aðrir hreyfihamlaðir, sem fá styrk til kaupa á bifreið í fyrsta sinn: | 500.000 kr. |

Greiðslur miðast við:

60 bifreiðar á ári, sbr. 1. tölul.,

375 bifreiðar á ári, sbr. 2. tölul.,

og 20 bifreiðar á ári, sbr. 3. tölul.

Afgreiðslunefnd er heimilt að breyta fjölda styrkja eftir greiðsluflokkum sýnist henni þörf á og fjárveiting leyfir.

Þá er heimilt að greiða styrk allt að 50% af kaupverði bifreiðar sé um að ræða einstakling, sem ekki kemst af án sérútbúinnar og dýrrar bifreiðar vegna hreyfihömlunar.

Í undantekningartilvikum má styrkur þessi nema allt að 60% af kaupverði bifreiðar og er hann þá veittur til 6 ára, sbr. 3. mgr. 2. gr.

Sé um að ræða styrki skv. 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar greiðast þeir úr lífeyristryggingum, en úr sjúkratryggingum sé um 2. mgr. 1. gr. að ræða.